



Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

28. janúar 2014

Tilvísun: 2013060042/4.0

## Efni: Endurskoðun leiðbeinandi tilmæla um upplýsingakerfi

Fjármálaeftirlitið hefur tekið tiltekna þætti leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2012 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila til endurskoðunar og er þeirra getið hér að neðan.

Með endurskoðun þessari er brugðist við athugasemdum sem eftirlitinu hafa borist eftir að tilmælin tóku gildi, einkum að því er lýtur að skýrleika tiltekinna liða þeirra. Í því sambandi hafa einstakir liðir verið skýrðir nánar og skerpt á öðrum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er umræðuskjal nr. 3/2014 sem felur í sér breytingar á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2012. Þegar ný tilmæli með áorðnum breytingum taka gildi falla tilmæli nr. 1/2012 úr gildi.

Þær breytingar sem um ræðir eru eftirfarandi:

- Í inngangskafli er sjálfsmat á upplýsingatækni hverfi skýrt nánar ásamt því sem nánar er skýrt hvert og hvenær eigi að skila því sjálfsmati til Fjármálaeftirlitsins
- Í kafla 2 er fjallað um áhættumat í stað áhættugreiningar. Að fengnum athugasemdum við orðalagið telur Fjármálaeftirlitið þetta skýrari hugtakanotkun. Jafnframt er ekki lengur talin þörf á að matinu sé skilað árlega.
- Í gr. 5.5 eru orðalagsbreytingar.
- Í gr. 8.5 eru orðalagsbreytingar.
- Í gr. 8.6 er tekið fram að gagnatap sé meðal alvarlegra frávika sem óskast tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins.
- Í neðanmálgrein við gr. 9.2.3 hefur verið sett inn skilgreining á því hvað átt er við með hugtakinu „viðskiptaupplýsingar“.
- Í gr. 9.5.1 er áréttað að tilmæli um skorður við því að notendur geti eytt viðskiptaupplýsingum taki aðeins til þess tímabils sem getið er í gr. 9.2.3.
- Í gr. 10.2 eru orðalagsbreytingar, sbr. umfjöllun um breytingar í 2. kafla.
- Í samræmi við fengnar athugasemdir hefur gr. 11.17 verið skýrð nánar. Um er að ræða orðalagsbreytingar.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- Í gr. 12.2 eru orðalagsbreytingar varðandi mögulega úttektaraðila vegna upplýsingatæknikerfa. Þá eru í greininni orðalagsbreytingar varðandi árleg skil úttektarinnar til Fjármálaeftirlitsins, þ.e. skilanna er ekki lengur getið í gr. 12.2 heldur í nýjum lið 12.5.
- Í nýrri gr. 12.4 er kveðið skýrar á um að vottun taki til hins eftirlitsskylda aðila en ekki útvistunaraðilans.
- Í nýjum lið 12.5 er farið fram á að úttekt skv. lið 12.2 sé skilað til Fjármálaeftirlitsins árlega.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir umsögnum um ofangreinda liði. Breytingar sem lagðar eru til eru í bláum lit. Rauðlitaður texti með yfirstrikun er texti sem tekinn verður úr tilmælunum. Ekki er óskað eftir umsögn um aðra liði en þá sem breytt hefur verið.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á meðfylgjandi umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is). Frestur til þess að skila umsögn er til þriðjudagsins 11. febrúar nk.

Umræðuskjalið og umsagnareyðublaðið má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 3/2014.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jón Andri Sigurðarson

Valdimar Gunnar Hjartarson